

Til að tryggja gott skólastarf setjum við í Lindaskóla okkur þessar reglur og gilda þær á skólatíma, í ferðum og á skemmtunum á vegum skólans.

1. Nám er vinna

Skóli er vinnustaður nemenda, kennara og starfsmanna og til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að þarf að ríkja vinnufriður. Því er virðing og tillitssemi fyrir tíma annarra og fyrirhöfn nauðsynleg.

2. Stundvísí

Nemendur mæta alltaf stundvíslega skv. stundaskrá nema veikindi eða önnur gild forföll komi í veg fyrir það. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á skólasókn nemenda og skulu tilkynna forföll til skólans svo fljótt sem auðið er. Óskir um leyfi skulu alltaf koma frá forráðamönnum. Umsjónarkennari hefur heimild til að veita leyfi í einn dag, en ef um fleiri daga er að ræða skal sækja um það til skólastjóra eða á heimasíðu skólans. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það nám sem þeir verða af í leyfum.

3. Framkoma

Öllum starfsmönnum Lindaskóla, nemendum, kennurum og öðrum ber ávallt að sýna fyllstu kurteisi og vandað orðbragð í öllum samskiptum. Nemendum ber ætíð að fara eftir fyrirmælum kennara og annarra starfsmanna.

4. Umgengni

Nemendur gangi vel um skólann og eigur hans, bæði innandyra og utan. Það gildir um námsbækur, húsbúnað og skólahúsnæðið sjálft. Nemendum er óheimilt að hafa í fórum sínum eldfæri, hnífa eða annað það sem getur skaðað þá sjálfa eða aðra.

5. Skólalóð

Nemendum er óheimilt að fara út af skólalóðinni í útivist. Nemendum ber að temja sér friðsamlega framkomu og trufla ekki aðra í leik og starfi. Hjólreiðar og óparfa akstur á skólalóð er bannaður á starfstíma skólans vegna slyshættu. Notkun línuskauta, hlaupahjóla og hjólabretta er eingöngu leyfð á tilteknu svæði fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Öll farartæki skulu geymd utandyra og eru á ábyrgð nemenda. Nemendur eru hvattir til að nota viðeigandi öryggisbúnað.

6. Tæki nemenda

Öll notkun farsíma er óheimil í kennslustundum. Öll tæki í eigu nemenda eru alfarið á ábyrgð þeirra sjálfra.

7. Heilbrigðar lífsvenjur

Nemendur mega ekki neyta sælgætis eða gosdrykkja á skólatíma nema við sérstök tækifæri. Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er með öllu bönnuð í skólanum og þar sem nemendur koma saman eða ferðast á vegum skólans.

## 8. Nánari reglur og ákvæði

Kennurum og starfsfólki er heimilt að setja nánari reglur á starfsstöðvum sínum, ekki síst þar sem starfsemi krefst þess.

### Viðurlög við brotum á skólareglum

1. Ef um brot á skólareglum er að ræða er ferlið eftirfarandi:
  - a. Ef nemandi brýtur skólareglur áminnir nálægur kennari/starfsmaður nemandann.
  - b. Dugi áminning ekki ræðir umsjónarkennari við nemanda og tilkynnir foreldrum/forráðamönnum stöðu mála og leitar jafnframt aðstoðar þeirra.
  - c. Við ítrekuð brot eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í skólann til viðræðu við umsjónarkennara um agavanda nemandans.
  - d. Dugi þessi úrræði ekki kemur málið til kasta deildarstjóra. Hann kallar nemanda á sinn fund og ræðir þau brot á skólareglum sem nemandi tengist. Foreldrar/forráðamenn skulu upplýstir um það sem fram fer á þessum fundi.
  - e. Við ítrekuð eða alvarleg brot á reglum skólans eða landslögum er skólastjóra heimilt að vísa nemanda úr skóla á meðan unnið er að lausn mála. Forráðamönnum og fræðslufirvöldum verður tilkynnt um þá ákvörðun.
  - f. Ef nemandi lætur enn ekki segjast ræðir skólastjóri við nemanda og foreldra/forráðamenn hans, um leið fer málið fyrir nemendaverndarráð og þaðan til framkvæmdastjóra fræðslusviðs/félagsþjónustu Kópavogs með viðeigandi úrræðum.
  - g. Um leið og foreldrum er tilkynnt um agabrot nemandans skal skrá það í dagbók nemandans og allan feril málsins eftir það.
2. Fari nemendur ekki að reglum um fjarskipta- og farartæki geta þeir búist við að tækjum verði komið til skólastjórnenda hvar foreldrar/forráðamenn þurfa að vitja þeirra.
3. Forráðamenn nemenda eru bótaskyldir ef um skemmdir verðmæta er að ræða.
4. Upplýsingar um viðurlög er varða skólasókn er að finna á heimasíðu skólans [www.lindaskoli.is](http://www.lindaskoli.is).

Í Lindaskóla er andmælaréttur virtur og jafnræðis gætt í meðferð allra mála.